

Svar við svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna sem lögð var fram á 18. fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs þ. 13. maí 2019:

Óskað er eftir sundurliðum á menningarframboði í borginni eftir hverfum. Hvað menningarstofnanir eru starfræktar í hverfum borgarinnar, hvert var menningarframboð í þeim árið 2018? Þá er óskað eftir samantekt á því hvernig þá er óskað eftir sundurliðun á því hvernig dagskrá helstu hátíða borgarinnar dreifðist á hverfi borgarinnar á árinu 2018. Með helstu hátíðum er átt við hátíðir sem borgin skipuleggur, borgarhátíðir og hátíðir sem borgin hefur gert samstarfssamninga við.

Hátíðir skipulagðar af borginni:

Vetrarhátíð

Safnanótt Vetrarhátíðar fer fram í öllum hverfum borgarinnar þar sem eru söfn og sundlaugarnótt var sömuleiðis í öllum hverfum frá austri til vesturs. Þannig var Grafarholt eini borgarhlutinn sem bauð ekki upp á neitt dagskráratíði.

Barnamenningarhátíð

Barnamenningarhátíð fer fram í öllum hverfum borgarinnar. Skólar, leikskólar og frístundaheimili úr öllum borgarhlutum taka þátt og langflestar menningarstofnanir bjóða upp á dagskráratíði á hátíðinni. Sérstök áhersla á Breiðholtið var árið 2019 þegar Ævintýrahöllin fluttist úr Ráðhúsinu í Gerðuberg.

17. júní og Menningarnótt

Hátíðahöld beggja fara fram í miðborg Reykjavíkur.

Tendrun Friðarsúlu

Viðburðir vegna tendrunar fara fram í Viðey og einnig geta verið hliðarviðburðir í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

Tendrun ljósa á jólatré og aðrir viðburðir

Jólaviðburðir skipulagðir af viðburðateymi MOF fara fram í miðborg Reykjavíkur.

Borgarhátíðir:

Hönnunarmars

Hönnunarmars fer fram víða í borginni með allskyns viðburðum, sýningum, göngum, erindum ofl.

Hinsegin dagar

Hátíðin Hinsegin dagar fer fyrst og fremst fram í miðborg Reykjavíkur.

Reykjavík International Film festival

Kvikmyndahátíðin RIFF fór á síðasta ári að langmestu leyti fram í Bíó Paradís þó svo að sérvíðburðir hafi einnig verið annarsstaðar eins og í Veröld og Sundhöll Reykjavíkur.

Iceland Airwaves

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves fer fram miðsvæðis í borginni þannig að göngufjarlægð sé á milli allra staðanna.

Hátíðir styrktar af Reykjavíkurborg:

Listahátíð í Reykjavík

Listahátíð hefur með nýjum stjórnanda virkilega lagt metnað og vinnu í að gera hátíðina sýnilega víðsvegar um borgina. Skemmst er að minnast atriða frá hátíðinni 2018 í Breiðholti, Egilshöll, á göngustígum í borginni, Blesugróf og fleiri stöðum.

Blúshátíð

Blúshátíð fer fram í miðborginni og á Hilton Nordica.

Bókmenntahátíð

Bókmenntahátíð hefur aðallega farið fram í lðnó, Ráðhúsi Reykjavíkur og Norræna húsinu en hefur einnig teygst sig í Gerðuberg í Breiðholti.

Jazzhátíð Reykjavíkur

Pungi dagskrár Jazzhátíðar er í miðborg Reykjavíkur en einnig eru viðburðir í Laugarneshverfi og í Árbæ.

Kirkjulistahátíð

Kirkjulistahátíð er haldin í Hallgrímskirkju.

List án landamæra

Hátíðin fer fram víðsvegar um borgina.

Lókal leiklistarhátíð

Lókal leiklistarhátíð fer fyrst og fremst fram í Tjarnarbíó en hefur einnig verið með sýningar í Borgar- og Þjóðleikhúsi.

Myrkir músíkdagar

Langstærstur hluti dagskrár hátíðarinnar fer fram í miðborg Reykjavíkur.

Reykjavík Dance Festival

Danshátíðin fer fyrst og fremst fram í Tjarnarbíó en hefur einnig verið með sýningar í Borgar- og Þjóðleikhúsi.

Reykjavík Midsummer Music

Hátíðin er haldin í Hörpu.

Sequences

Hátíðin 2017 fór fram í miðborg Reykjavíkur og vestur á Granda.

Sónar

Tónlistarhátíðin Sónar hefur verið haldin í Hörpu.

Stockfish

Kvikmyndahátíðin Stockfish er haldin í Bíó Paradís

Samantekt gerð af Sif Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála, dags. 20. maí 2019